

Markmið

Markmið kennslunnar er að veita nemendum fjölbreytt tækifæri til að þróa og bæta kunnáttu sína og færni í beitingu tungumálsins til að nemendur geti sem best uppfyllt þau hæfniviðmið sem Aðalnámsskrá setur fram.

Kennsluaðferðir/vinnulag

5 stundir á viku. Kennslan byggist m.a. á innlögn kennara, einstakling-, para- og hópavinnu. Hluti af kennslunni er samþætt öðrum námsgreinum með smiðjuverkefnum.

Námsmat

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor. Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

Námsmat er skráð með hæfnitáknum.

Námsgögn

Námsbækur, skáldsögur, verkefni frá kennurum, myndefni, vefslóðir, spil og leikir.